Auglýsing. 19

16. marz.

Þeir 2 alþingismenn, sem kosnir hafa verið fyrir Árnessýslu kjördæmi um tímabilið frá 1. septbr. 1880 til 1. septbr. 1886, síra Valdimar Briem og cand. theol. Magnús Andrjesson hafa afsalað sjer kosníngu þessari sökum þess, að þeir ætla, að þeir gallar hafi verið á henni, að ekki megi búast við, að hún verði dœmd gild af alþíngi. Fyrir því er hjermeð samkvæmt 27. gr laga um kosningar til alþingis frá 14. septbr. 1877 fyrirskipað, að ný kosning á 2 alþingismönnum fyrir Árnessýslu, í stað þeirra, er hafa afsalað sjer kosningunni, skuli framfara fyrir 20. júní þ. á.

Þetta er hjermeð birt öllum hlutaðeigöndum, og er lagt fyrir kjörstjórnina í Árnessýslu að undirbúa og framkvæma kosníngu þessa samkvæmt reglum þeim, er settar eru þarum í nefndum kosníngarlögum.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 16. marz 1881.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

Auglýsing. 20

25. marz.

Í sambandi við auglýsingu mína frá 26. nóvbr. 1880 (stjtíð. B. 164) skal hjer með ákveðið að 4. ferð landspóstanna á yfirstandandi ári skuli hagað líkt og 2 síðastliðin ár, sjá einkum ferðaáætlunina frá 25. nóvbr. 1878 (stjtíð B. 157).

Samkvæmt þessu eiga landpóstarnir að leggja af stað frá endastöðvum aðalpóstleiðanna, sem hjer segir:

A. Aðalpósturinn milli Ísafjarðar og Reykjavíkur
fer frá Ísafirði 2. júní þ. á. frá Reykjavík 20. júní.
B. I. Aðalpósturinn milli Akureyrar og Reykjavíkur
fer frá Akureyri 2. júní, frá Reykjavík 19. júní.
B. II. Aðalpósturinn milli Seyðisfjarðar og Akureyrar
fer frá Seyðisfirði 17. júní, frá Akureyri 5. júlí.
C. I. Aðalpósturinn milli Reykjavíkur og Prestsbakka
fer frá Reykjavík 21. júní, frá Prestsbakka 4. júlí.
C. II. Aðalpósturinn milli Prestsbakka og Eskifjarðar
fer frá Prestsbakka 2. júlí, frá Eskifirði 26. júlí.
Aukapósturinn frá Stykkishólmi fer frá Stykkishólmi 4. júní.

Ákvarðanir þær, sem settar eru með tilliti til aukapóstanna í auglýsingu 26. nóvbr. 1880 gilda einnig fyrir hina hjer um rœddu 4. póstferð.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 25. marz 1881.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

EMBÆTTASKIPUN.

Hinn 1. febrúar var aðstoðarprestur að Saurbœ sira Árni Þorsteinsson skipaður prestur að Rip í Skagafjarðar prófastsdœmi frá næstkomandi fardögum.

14. s. m. var prestur að Brjámslœk sira Ólafur Ólafsson skipaður prestur að Garpsdal í Barðastrandar prófastsdœmi frá næstkomandi fardögum.

28. marz var prestinum að Knappstöðum í Skagafjarðar prófastsdœmi sira Páli Tómassyni veitt lausn frá embætti frá næstkomandi fardögum með eptirlaunum samkvæmt lögum 27. febrúar 1880.

29. s. m. var prestur að Presthólum sira Þorleifur Jónsson skipaður prestur að Skinnastöðum, Skinnastaða og Garðs sóknum í Norður-Þingeyjar prófastsdœmi frá næstkomandi fardögum.

Hinn 30. marz 1881.

Reykjavík 1881. Einar Þórðarson.